

FUNDARGERÐ

Aðalfundar BIM Ísland miðvikudaginn 23. maí 2018, kl. 15:00

Haldinn að skrifstofum Mannvits, Urðarhvarfi 6, 203 Kópavogi

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Hvað er BIM Ísland?
3. Fyrirlestur frá Jóhanni Erni Guðmundssyni
4. Kaffipása
5. Lög félagsins kynnt
6. Ákvörðun félagsgjalds
7. Kosning stjórnar
8. Kosning skoðunarmanna
9. Önnur mál

Ingibjörg býður fundamenn velkomna og fer stuttlega yfir dagskrá fundarins.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Ingibjörg lagði til að Hannes Frímann Sigurðsson yrði fundastjóri og Haraldur Arnórsson fundarritari. Fundarmenn samþykktu þá með lófaklappi.

2. Hvað er BIM Ísland?

Ingibjörg hélt stutta kynningu á hvernig BIM Ísland hefur þróast frá stofnun félagsins árið 2008 og hver markmiðin voru. Fór hún yfir það helsta sem gert hefur verið á þeim áratug sem BIM Ísland hefur verið starfrækt, þó með hléum.

Eftir Yfirferð á sögu BIM Ísland þá kynnti hún niðurstöður stefnumótunarfundar sem fram fór í mars 2017. Stefnu mótunarfundarinn var haldin vegna aukinnar pressu að fá aðilum í byggingageiranum um sameiginlegar verklagsreglur. Hún nefndi einnig að niðurstaða stefnumótunarfundsins væri undirstaðan í endurskipulagningu á BIM Íslandi. Niðurstaða stefnumótunarfundarins ásamt kynningu Ingibjargar má finna á heimasíðu BIM Íslands, bim.is.

3. Fyrirlestur frá Jóhanni Erni Guðmundssyni

Jóhann byrjaði að þakka fyrir að bjóða sér að koma og halda fyrirlestur og einnig var hann ánægður með þetta framtak sem BIM Ísland er. Jóhann byrjaði á að kynna fyrir fundarmönnum hver hann væri

og að hann væri nýfluttur til landsins eftir tíu ár. Tvö ár í Danmörku og 8 ár í Noregi. Hann var ánægður með að honum var ekki settur rammi um hvað hann ætti að fjalla í sinni kynningu. Hann ákvað því að tala um sjálfan sig og hvað hann væri að gera nákvæmlega núna.

Hann fór yfir hvernig hann notar hugarfarskort til að flokka aðila í verkefnum eftir hversu mótækilegir þeir eru stafrænni þróun. Hann flokkaði í þrjá flokka. Flokkur eitt var t.d. flokkur þar sem aðilar voru sem voru alls ekki mótækilegir og er þá ekki eitt meira púðri í þá og svo flokkur þrjú þar sem það er mikill vilji á stafrænu samstarfi.

Hann sagði frá verki þar sem það var einungis notað þrívið módel til framkvæmdar. Þar sem BIM stöð(kiosk) og snjalltæki var notað og hvernig iðnaðarmenn byrjuðu að finnast þetta frekar þirrandi yfir í að finnast þetta betra og ómissandi hluti af þeirra verklagi.

Hann nefndi einnig dæmi um óparfa upplýsingaöflun þ.e. margir að spyrja um sömu upplýsingarnar og hvernig við erum að hanna stafrænt en samt erum við að framkvæma handvirkt.

Hann kynnti vélmenni sem staðsetur byggingahluti t.d. innveggi og lagnir. Hann sýndi fundarmönnum hvernig vélmennið virkaði. Hann fór einnig yfir sína framtíðarsýn á notkun vélmenna á verkstað.

Spurt var úr sal hvert verðið á vélmenninu. Það var ekki gefið upp.

Umræða spanst um skil á gögnum og að þau væru öll á pappír og ekki einu sinni á stafrænu formi eins og PDF. Það var rætt að það þyrfti að sannfæra og setja pressu á yfirvöld að byggingariðnaðurinn vil senda stafrænar inn upplýsingar.

4. Kaffipása

Hannes bauð fundarmönnum að fá sér kaffi og með því. BIM Ísland vill koma fram kæru þakklæti til Gunnars Svavars og Mannvits fyrir gestrisnina.

5. Lög félagsins kynnt

Hannes var með stutt innslag um BIM Ísland og hvernig byggingageirinn er í dag. T.d. hvernig hann er í samanburði við Noreg. Hann kynnti hvað yrði tekið fyrir á aðalfundi og kynnti því næst Davíð Friðgeirsson til leiks til að fara yfir tillögu að lögum.

Davíð byrjaði á því að koma því áleiðis að fundarmenn gætu komið með breytingartillögur eða athugasemdir í lok yfirlstrar, sem yrði þá kosið um áður en kosið eru um lög.

Athugasemd kom fram um högun stjórnar þar sem fjórir stjórnarmenn ættu að sitja áfram og að það væru engir varamenn. Ingibjörg útskýrði að hinar ýmsu lausnir hefðu komið upp, en þar sem hugmyndin væri að hafa fleiri í stjórn og enga varamenn. Ástæða þess að fjórir stjórnarmeðlimir væru að skuldbinda sig að vera áfram var sú að halda þyrfti þekkingu og reynslu fyrri stjórnar innan BIM Íslands og að kjósa þyrfti nýja stjórnarmeðlimi þar sem það væri ekki til framdráttar fyrir BIM Ísland að sitja með stjórnarmeðlimi sem væru ekki virkir.

Hannes kom inn á að þetta væri góð byrjun á lögum félagsins og einnig að í öllum góðum félögum þá tækju lög breytingum. Ekki komu fleiri athugasemdir og voru löginn samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Ákvörðun félagsgjalds

Davíð kynnti tillögu af aðildagjöldum. Tillögurnar eru almennt aðildagjald væri kr. 150.00,- og styrktaraðild kr. 300.000,- Davíð og Inga fjölluðu um afhverju þessar tölur voru bornar fram.

Umræða um að lítil fyrirtæki væri útilokuð vegna upphæðar almennar aðildar. Davíð og Ingibjörg útskýrðu hver hugmyndin væri á bakvið aðildargjöldin og hvernig hinar ýmsu sviðsmyndir komu upp eins og t.d. að tengja aðildargjöldin við starfsmannafjölda.

Á fundinum kom fram að einungis þeir sem greitt hafa aðildagjöld væru fullgengnir til að bjóða sig fram í stjórn og til að kjósa.

Fundarmaður nefndi að ef menn ætla að bíða og sjá hvað gerist og leggja ekkert inn þá mun BIM Ísland halda áfram að spóla og ekkert gerast næstu tíu árin.

Komið var inn á að BIM Ísland vill frekar ná til fjöldans en að hafa aðildargjöldin of há.

Hannes kom með þá hugmynd að vísa því til fyrstu stjórnar sem kæmi með hugmynd annarri uppsetningu á aðildagjöldum svo að BIM Ísland nái til allra í mannvirkjagerð.

Ingibjörg kom með þá tillögu að næsta stjórn myndi setjast yfir og koma með aðra tillögu að aðildargjöldum og boða til aukaaðalfundar þar sem ný aðildargjöld yrðu kynnt.

Fundarstjóri boðar til kosningu á aðildargjöldum.

Þrír greiddu atkvæði á móti aðildagjöldum. Aðildagjöldin eru því samþykkt. Stjórnin mun hittast og koma með aðra hugmynd að aðildargjöldum.

7. Kosning stjórnar

Fundarstjóri kynnti þá hugmynd að kosin stjórn myndi velja sér formann og varaformann. Það lagðist vel í fundarmenn.

Fundarstjóri kynnti tillögu að stjórn. Þeir eru eftirfarandi:

Verkkaupi:

Isavia: Jóhannes B. Bjarnason

FSR: Guðni Guðnason

Arkitektastofur:

Arkís: Svava B. Bragadóttir

Yrki: Ingibjörg Benediktsdóttir

Verkfræðistofur:

Verkís: Davíð Friðgeirsson

VSB: Hjörtur Sigurðsson

Verktakar:

MT Højgaard: Haraldur Arnórsson

Ístak: Ingibjörg Birna Kjartansdóttir

Menntastofnanir:

HR: Jónas Þór Snæbjörnsson

Enginn mótframboð voru frá öðrum fundarmönnum.

Stjórn var kosinn með lófaklappi allra fundamanna.

Spurt var úr sal hvort að aðrar opinberar stofnanir hefði verið boðið að vera í stjórn. En stjórnin var sett saman þannig að stjórnarmeðlimir hefðu unnið við BIM og upplýsingatækni í mannvirkjagerð. Einnig kom fram að reynt var að hafa sem breiðastan hóp sem næði til allra hagsmunaaðila.

8. Kosning skoðunarmanna

Kosning skoðunarmanna. Tilnefningu fékk Gunnar Sverrir Gunnarsson, Mannvit og samþykkti hann það einnig bauð Árni Viðar Björgvinsson, Mannvit sig fram og voru þeir kosnir einróma með lófaklappi.

Fundarstjóri lýsti ánægju sinni með að BIM Ísland væri komið á stað aftur og að það kæmi sá tími að engin úr mannvirkjageiranum gæti verið þáttakandi í BIM Ísland.

9. Önnur mál

Ingibjörg endaði fundinn að á undirbúningsfundinum í mars 2017 hefði verið mikið rædd um BIM partý til að koma aðilum saman og gera sér glaðan dag. Ný stjórn mun sjá um að skipuleggja hitting á haustdögum.

Glærur og lög eru aðgegnileg á heimasíðu BIM Íslands, bim.is

Fundi slitið kl. 17.25

Hannes Frímann Sigurðsson fundarstjóri

Haraldur Arnórsson fundarritari